

2019 nr. 88 27. júní**Lög um sameiginlega umsýslu höfundar-
réttar**

Tóku gildi 1. janúar 2020 nema 32. gr. sem tekur gildi 1. júlí 2022, einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017. EES-samningurinn: XVII. viðauki tilskipun 2014/26/ESB.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **menningar- og viðskiptaráðherra** eða **menningar- og viðskiptaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Gildissvið og skilgreiningar.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi, að undanskildum VII. kafla, gilda um allar sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu á Íslandi.

□ Ákvæði VII. kafla gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu á Íslandi sem annast umsýslu höfundar-réttinda yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum.

□ Viðeigandi ákvæði laga þessara gilda um einingar með staðfestu hér á landi, sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegrar umsýslustofnunar, að fullu eða að hluta, svo fremi að einingarnar stundi starfsemi sem félli undir ákvæði laga þessara ef umsýslustofnun stundaði hana.

□ Ákvæði 19. og 21. gr., 1.–3. og 5.–7. tölul. 22. gr., og 36. og 37. gr. gilda um allar sjálfstæðar umsýslueiningar með staðfestu á Íslandi.

□ Ráðherra getur sett reglur um að sameiginlegar umsýslustofnanir og sjálfstæðar umsýslueiningar, með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem eru virkar á Íslandi, falli að öllu leyti eða að hluta undir ákvæði þessara laga.

□ Ef sameiginleg umsýslustofnun ákveður í samþykktum sínum að fela félagsaðilum sem eru samtök í fyrirsvari fyrir réttthafa útborgun réttindagreiðslna til réttthafa, sbr. 24. gr., á III. kafli ásamt 4. mgr. 18. gr., 3. mgr. 19. gr. og 36.–37. gr. við um viðkomandi félagsaðila. Félagsaðilar sem eru samtök í fyrirsvari fyrir réttthafa skulu í þessu sambandi tryggja möguleika réttthafa til að taka ákvörðun um hagnýtingu réttindatekna á þeim sviðum sem nefnd eru í 1.–6. tölul. 5. mgr. 6. gr.

□ Ef sameiginleg umsýslustofnun ákveður í samþykktum sínum að félagsaðilar sem eru samtök í fyrirsvari fyrir réttthafa skuli taka saman gagnsæisskýrslu, sbr. 24. gr., eiga ákvæði 23. gr. og 36.–37. gr. við um viðkomandi félagsaðila. Slíkir félagsaðilar skulu í þessu sambandi tryggja að réttthafar eigi þess kost að samþykka gagnsæisskýrslu.

■ 2. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Sameiginleg umsýslustofnun*: Hver sú skipulagsheild sem lögum samkvæmt eða með framsali, leyfi eða öðru samningsbundnu fyrirkomulagi hefur, sem sitt eina eða helsta hlutverk, umsjón með höfundarrétti eða réttindum sem tengjast höfundarrétti, fyrir hönd fleiri en eins réttthafa, til sameiginlegra hagsbóta fyrir þessa réttthafa og sem uppfyllir annað eða bæði eftirfarandi skilyrði:

- er í eigu eða undir yfirráðum félagsaðila sinna,
- er ekki starfrækt í hagnaðarskyni.

2. *Sjálfstæð umsýslueining*: Hver sú skipulagsheild sem lögum samkvæmt eða með framsali, leyfi eða öðru samningsbundnu fyrirkomulagi hefur umsjón með höfundarrétti eða réttindum sem tengjast höfundarrétti, fyrir hönd fleiri en eins réttthafa, til sameiginlegra hagsbóta fyrir þessa réttthafa, sem sitt eina eða helsta hlutverk og sem er:

a. hvorki í eigu né undir yfirráðum réttthafa, beint eða óbeint, að fullu eða að hluta og

b. er starfrækt í hagnaðarskyni.

3. *Réttthafi*: Einstaklingur eða eining, önnur en sameiginleg umsýslustofnun, sem er handhafi höfundarréttar eða skyldra réttinda eða á rétt á hluta af réttindatekjum á grundvelli samnings um nýtingu réttinda eða samkvæmt lögum.

4. *Félagsaðili*: Réttthafi eða eining sem er í fyrirsvari fyrir réttthafa, þ.m.t. aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir og samtök réttthafa sem uppfylla kröfur sameiginlegrar umsýslustofnunar um félagsaðild og hafa fengið aðild að henni.

5. *Aðalfundur*: Vettvangur innan sameiginlegrar umsýslustofnunar þar sem félagsaðilar taka þátt og neyta atkvæðisréttar síns án tillits til lagalegs forms stofnunarinnar.

6. *Réttindatekjur*: Tekjur sem sameiginleg umsýslustofnun innheimtir fyrir hönd réttthafa hvort sem þær stafa af einkarétti, rétti til þóknunar eða rétti til bóta.

7. *Umsýslukostnaður*: Fjárhæðir sem sameiginleg umsýslustofnun innheimtir, dregur frá eða jafnar á móti réttindatekjum eða tekjum vegna fjárfestingar réttindatekna til þess að standa straum af kostnaði við umsýslu hennar á höfundar-rétti eða skyldum réttindum.

8. *Réttindagreiðslur*: Sá hluti af réttindatekjum sem réttthafi fær úthlutað og greiddar.

9. *Fyrirsvarssamningur*: Samningur milli sameiginlegra umsýslustofnana þar sem ein sameiginleg umsýslustofnun veitir annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til að hafa umsjón með þeim réttindum sem hún er í fyrirsvari fyrir, þ.m.t. samningur gerður skv. 30. og 31. gr.

10. *Notandi*: Hver sá einstaklingur eða eining sem framkvæmir aðgerðir sem eru háðar heimild frá réttthöfum, þóknun til réttthafa eða greiðslu bóta til réttthafa og kemur ekki sjálfur fram sem neytandi.

11. *Verkaskrá*: Þau verk sem falla undir 2. gr. höfundalaga sem sameiginleg umsýslustofnun sér um réttindi fyrir.

12. *Leyfi yfir landamæri*: Leyfi sem tekur til yfirráðasvæðis fleiri en eins aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins.

13. *Réttindi vegna netnotkunar á tónverkum*: Hver þau réttindi höfundar tónverks sem falla undir 2. gr. höfundalaga sem nauðsynleg eru til að veita megi þjónustu á netinu.

14. *Höfundaréttindi*: Þau réttindi sem falla undir 2. gr. höfundalaga ásamt þeim réttindum sem kveðið er á um í V. kafla höfundalaga.

15. *Verk*: Þau verk sem njóta verndar samkvæmt höfundalögum ásamt þeim skyldu réttindum sem njóta verndar skv. 45.–50. gr. höfundalaga.

16. *Tónverk*: Þau tónverk sem njóta verndar samkvæmt höfundalögum.

II. kafli. Fyrirsvar fyrir réttthafa, félagsaðild og skipulag sameiginlegra umsýslustofnana.**■ 3. gr. Réttindi réttthafa.**

□ Réttthafar geta heimilað sameiginlegri umsýslustofnun að eigin vali að hafa umsjón með réttindum, flokkum réttinda eða tegundum verka og annars efnis sem þeir velja sér, fyrir þau landfræðilegu yfirráðasvæði sem þeir velja sér. Sameiginlegri umsýslustofnun ber skylda til að hafa umsjón með slíkum réttindum, flokkum réttinda eða tegundum verka og öðru efni nema umsýslustofnun hafi hlutlægt rökstuddar ástæður til að neita slíkri umsýslu, svo fremi að umsýslan sé innan þess sviðs sem starfsemi hennar nær til.

□ Þegar réttthafi heimilar sameiginlegri umsýslustofnun að annast umsjón með réttindum sínum skal hann veita sérstakt

og sannanlegt samþykki fyrir hver réttindi, flokk réttinda eða tegund verka og annað efni sem hann heimilar umsýslustofnuninni að hafa umsjón með.

□ Réthafar eiga rétt á að veita leyfi sem ekki eru í viðskiptalegum tilgangi til notkunar á réttindum, flokkum réttinda eða tegundum verka og öðru efni sem þeir kunna að velja. Sameiginleg umsýslustofnun sem hefur verið falin umsjón með réttindum réthafa skv. 1. mgr. getur ákveðið skilmála fyrir hagnýtingu slíkra réttinda.

□ Réthafar geta fellt úr gildi heimild til að hafa umsjón með réttindum, flokkum réttinda eða tegundum verka og öðru efni sem þeir veita sameiginlegri umsýslustofnun eða afturkallað hver þau réttindi, flokka réttinda eða tegundir verka og annað efni sem þeir vilja hjá sameiginlegri umsýslustofnun, eins og kveðið er á um í 1. mgr., fyrir þau landfræðilegu yfirráðsvæði sem þeir velja, með hæfilegum fyrirvara sem er ekki lengri en sex mánuðir. Sameiginleg umsýslustofnun getur þó ákveðið að slík uppsögn eða afturköllun taki einungis gildi eftir lok fjárhagsársins.

□ Ef réthafi á rétt á greiðslum vegna nýtingar sem fór fram áður en heimild var sagt upp eða afturköllun réttinda tók gildi, eða á grundvelli leyfis sem veitt var áður en slík uppsögn eða afturköllun tók gildi, skal réthafinn halda réttindum sínum skv. 14.–16., 19., 21., 29. og 34. gr.

□ Sameiginlegri umsýslustofnun er ekki heimilt að takmarka nýtingu réttinda sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. með því að krefjast þess sem skilyrði fyrir nýtingu þessara réttinda að umsýsla réttinda, flokka réttinda eða tegunda verka og annars efnis, sem fellur undir uppsögnina eða afturköllunina, verði falin annarri sameiginlegri umsýslustofnun. Þetta á þó ekki við um þegar sameiginleg umsýsla réttinda er skyldubundin.

□ Áður en sameiginleg umsýslustofnun fær heimild réthafa fyrir því að hafa umsjón með réttindum, flokki réttinda eða tegund verka og öðru efni skal hún tilkynna réthöfum um réttindi þeirra skv. 1.–6. mgr. og um hver þau skilyrði sem fylgja réttindunum sem sett eru fram í 3. mgr.

□ Kveðið skal á um réttindi skv. 1.–6. mgr. sem og skilyrði fyrir réttindum skv. 3. mgr. í samþykktum eða aðildarskilmálum sameiginlegrar umsýslustofnunar.

□ Ákvæði 1.–8. mgr. hafa ekki þýðingu fyrir beitingu ákvæða í höfundalögum um samningskvaðaleyfi eða skyldubundna umsýslu réttinda.

■ 4. gr. Aðildarreglur sameiginlegra umsýslustofnana.

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal samþykkja réthafa og einingar sem eru í fyrirsvari fyrir réthafa, þ.m.t. aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir og samtök réthafa, sem félagsaðila ef þeir uppfylla aðildarkröfur sem skulu byggjast á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum og vera án mismununar. Þessar aðildarkröfur skulu koma fram í samþykktum eða aðildarskilmálum sameiginlegrar umsýslustofnunarinnar og vera aðgengilegar öllum. Ef sameiginleg umsýslustofnun hafnar beiðni um aðild skal hún veita umsóknaraðila skýran rökstuðning fyrir ákvörðun sinni.

□ Í samþykktum sameiginlegrar umsýslustofnunar skal kveða á um viðeigandi og skilvirkt fyrirkomulag þátttöku félagsaðilanna í ákvörðunartökufæri stofnunarinnar. Ef sameiginleg umsýslustofnun hefur fyrirvar fyrir mismunandi flokka félagsaðila skulu þeir flokkar hafa fulltrúa á sanngirnis- og jafnræðisgrundvelli í ákvörðunartökufærlinu.

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal gera félagsaðilum sín-

um kleift að eiga við hana rafræn samskipti, þ.m.t. að því er varðar að neyta réttinda sem félagsaðilar.

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal halda skrár yfir félagsaðila sína og uppfæra þær skrár reglulega.

■ 5. gr. Réttindi réthafa sem ekki eru félagsaðilar sameiginlegrar umsýslustofnunar.

□ Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu beita ákvæðum 3. mgr. 4. gr., 21. gr., 2. mgr. 30. gr. og 34. gr. um réthafa sem eru ekki félagsaðilar þeirra en hafa bein lagaleg tengsl við þær, lögum samkvæmt eða með framsali, leyfi eða öðru sammingsbundnu fyrirkomulagi.

■ 6. gr. Aðalfundur.

□ Boða skal til aðalfundar sameiginlegrar umsýslustofnunar einu sinni á ári hið minnsta.

□ Á aðalfundi skal ákveða hvers kyns breytingar á samþykktum og á aðildarskilmálum sameiginlegrar umsýslustofnunar ef aðildarskilmálarnir eru ekki settir í samþykktunum.

□ Á aðalfundi skal ákveða tilnefningu eða brottvikningu stjórnarmanna, endurskoða frammistöðu þeirra almennt og samþykkja laun þeirra og önnur starfskjör, sjá þó ákvæði 4. mgr.

□ Ef sameiginleg umsýslustofnun hefur yfirstjórn sem annast stjórnun og stefnumótun og framkvæmdastjórn sem annast daglega stjórnun skal aðalfundurinn ekki tilnefna eða leysa framkvæmdastjórn frá störfum eða staðfesta laun og starfskjör hennar ef slíkar heimildir falla undir yfirstjórnina.

□ Á aðalfundi skal ákveða að lágmarki eftirfarandi atriði, í samræmi við ákvæði III. kafla:

1. Almenna stefnu um úthlutun réttindagreiðslna til réthafa.
2. Almenna stefnu um notkun óráðstafanlegra fjárhæða.
3. Almenna fjárfestingarstefnu með tilliti til réttindatekna og arðs af fjárfestingu þeirra.
4. Almenna stefnu um frádrátt frá réttindatekjum og arðs af fjárfestingu þeirra.
5. Notkun óráðstafanlegra fjárhæða.
6. Áhættustýringarstefnu.
7. Samþykki fyrir hvers konar kaupum, sölu eða tryggingarrétti fastafjármuna.
8. Samþykki um samruna og bandalög, stofnun dótturfélaga og kaup á öðrum einingum eða hlutum eða réttindum í öðrum einingum.
9. Samþykki fyrir lántöku, lánveitingum eða útgáfu lána-trygginga.
10. Tilnefningu og uppsögn endurskoðenda.
11. Samþykki árlegrar gagnsæisskýrslu, sbr. 23. gr.

□ Á aðalfundi má framselja vald til ákvarðanatöku skv. 6.–9. tölul. 5. mgr. til þess aðila er gegnir eftirlitshlutverki skv. 8. gr.

□ Fundur skipaðra fulltrúa félagsaðila sem félagsaðilar sameiginlegrar umsýslustofnunar kjósa a.m.k. á fjögurra ára fresti getur farið með valdheimildir aðalfundar félagsaðila svo fremi að:

- a. tryggð sé viðeigandi og virk þátttaka félagsaðila í ákvarðanatökufæri sameiginlegrar umsýslustofnunarinnar og
- b. skipting fulltrúa úr hinum mismunandi flokkum félagsaðila á fundinum sé sanngjörn og jafnvæg.

Reglurnar sem mælt er fyrir um í 1.–5. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda um fund skipaðra fulltrúa.

■ **7. gr. Þátttökuréttur á aðalfundi.**

□ Allir félagsaðilar sameiginlegrar umsýslustofnunar hafa heimild til að taka þátt í aðalfundi og rétt á að greiða atkvæði. Sameiginlegri umsýslustofnun er þó heimilt að takmarka rétt félagsaðila til að sækja aðalfund og neyta atkvæðisréttar síns á grundvelli annarrar eða beggja eftirfarandi viðmiðana, að því tilskildu að þær séu ákvarðaðar og þeim beitt á sanngjarnan og hóflegan hátt:

1. Tímalengdar félagsaðildar.

2. Fjárhæða sem félagsaðili hefur fengið eða á að fá greiddar.

□ Viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. tölul. 1. mgr. skulu koma fram í samþykkt eða skilmálum félagsaðildar sameiginlegrar umsýslustofnunar og vera aðgengilegar öllum í samræmi við 20. og 22. gr.

□ Sérhver félagsaðili sameiginlegrar umsýslustofnunar hefur rétt á að veita öðrum einstaklingi eða einingu umboð sitt til að sækja aðalfund og greiða atkvæði fyrir sína hönd svo fremi að slík tilnefning valdi ekki hagsmunaárekstri.

□ Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er sameiginlegri umsýslustofnun heimilt að kveða á um takmarkanir á tilnefningu þeirra sem fara með umboð og neyta atkvæðisréttar félagsaðila sem þeir eru fulltrúar fyrir ef slíkar takmarkanir hafa ekki áhrif á viðeigandi og virka þátttöku félagsaðilanna í ákvörðunartökuferli stofnunarinnar. Slíkar takmarkanir skulu koma fram í samþykkt eða skilmálum félagsaðildar sameiginlegrar umsýslustofnunar og vera aðgengilegar öllum í samræmi við 19. og 21. gr.

□ Hvert umboð skal gilda fyrir einn aðalfund. Umboðshafi skal hafa sömu réttindi á aðalfundi og félagsaðilinn sem tilnefndi hann á rétt á. Umboðshafinn skal greiða atkvæði í samræmi við fyrirmæli frá félagsaðilanum sem tilnefndi hann.

■ **8. gr. Eftirlitshlutverk.**

□ Sérhver sameiginleg umsýslustofnun skal koma á fót eftirlitakerfi til að fylgjast reglulega með starfi og frammistöðu þeirra einstaklinga sem stjórna daglegri starfsemi stofnunarinnar. Ef stjórn sameiginlegrar umsýslustofnunar er tilnefnd af félagsaðilum á aðalfundi, sbr. 3. mgr. 6. gr., getur hún haft slíkt eftirlitshlutverk með höndum.

□ Fari sameiginleg umsýslustofnun með fyrirvar fyrir ólíka flokka félagsaðila skal gæta sanngirni og jafnræðis við val á fulltrúum þeirra ólíku flokka hjá eftirlitsaðila.

□ Hver einstaklingur sem gegnir eftirlitshlutverki skal leggja fyrir aðalfund félagsaðila sérstakt árlegt yfirlit um hagsmunaárekstra með upplýsingunum sem um getur í 3. mgr. 9. gr.

□ Eftirlitsaðili skal funda reglulega og a.m.k. beita þeim heimildum sem honum voru faldar af aðalfundi félagsaðila ásamt því að vera heimilt að hafa eftirlit með stjórnendum sem 9. gr. tekur til.

□ Aðili sem gegnir eftirlitshlutverki skal gefa skýrslu um framkvæmd eftirlitsins á aðalfundi félagsaðila a.m.k. einu sinni á ári.

■ **9. gr. Skyldur stjórnenda sameiginlegrar umsýslustofnunar.**

□ Sérhver sameiginleg umsýslustofnun skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að þeir einstaklingar sem stjórna daglegri starfsemi hennar geri það á traustan, skynsaman og viðeigandi hátt og beiti til þess traustum stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innra eftirlitakerfi.

□ Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu koma sér upp og nota aðferðir til að forðast hagsmunaárekstra og, ef ekki verður komist hjá slíkum árekstrum, að greina, stjórna og fylgjast með og birta upplýsingar um raunverulega eða hugsanlega hagsmunaárekstra þannig að koma megi í veg fyrir að þeir hafi neikvæð áhrif á sameiginlega hagsmunir réttthafanna sem stofnunin er í fyrirsvari fyrir.

□ Aðferðirnar sem getið er í 2. mgr. skulu fela í sér að sérhver einstaklingur sem stjórnar daglegri starfsemi sameiginlegrar umsýslustofnunar, sbr. 1. mgr., sendi frá sér sérstakt árlegt yfirlit, hagsmunaskrá, til aðalfundar félagsaðila með eftirfarandi upplýsingum:

1. Hvort þeir hafa einhverra hagsmuna að gæta er varða hina sameiginlegu umsýslustofnun.

2. Hvort þeir hafa fengið greiðslur á næstliðnu fjárhagsári frá hinni sameiginlegu umsýslustofnun.

3. Hvort þeir, sem réttthafar, hafa fengið réttindagreiðslur frá hinni sameiginlegu umsýslustofnun á næstliðnu fjárhagsári.

4. Yfirlýsingu um raunverulegan eða hugsanlegan árekstur milli persónulegra hagsmuna og hagsmuna hinnar sameiginlegu umsýslustofnunar eða milli skuldbindinga gagnvart umsýslustofnuninni og skyldu gagnvart einhverjum öðrum einstaklingi eða lögaðila.

III. kafli. Umsýsla réttindatekna.

■ **10. gr. Almenn.**

□ Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu sýna kostgæfni við innheimtu, úthlutun og aðra umsýslu réttindatekna.

■ **11. gr. Bókhaldslegur aðskilnaður.**

□ Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu halda aðgreindum í bókhaldi sínu réttindatekjum og hugsanlegum arði af fjárfestingu þeirra frá öðrum tekjum og annarri starfsemi.

■ **12. gr. Ráðstöfun tekna af réttindum.**

□ Sameiginlegum umsýslustofnunum er ekki heimilt að ráðstafa réttindatekjum eða tekjum af fjárfestingu réttindatekna í öðrum tilgangi en að úthluta þeim til réttthafa nema þegar fyrir liggur ákvörðun um að umsýslukostnaður megi komi til frádráttar eða jöfnunar eða um að nota megi réttindatekjur eða arð af fjárfestingu á annan hátt skv. 5. mgr. 6. gr.

■ **13. gr. Fjárfestingar réttindatekna.**

□ Ef sameiginleg umsýslustofnun fjárfestir réttindatekjum eða öðrum arði af fjárfestingu þeirra ber henni að gera það í þágu hagsmuna réttthafa þeirra réttinda sem hún er í fyrirsvari fyrir, í samræmi við almenna fjárfestingar- og áhættustýringarstefnu, sbr. 3. og 6. tölul. 5. mgr. 6. gr., og með hliðsjón af eftirfarandi reglum:

1. Þegar um er að ræða hugsanlega hagsmunaárekstra skal sameiginleg umsýslustofnun tryggja að eingöngu sé fjárfest í þágu hagsmuna réttthafa.

2. Eignir skulu fjárfestar þannig að öryggi, gæði, lausa fjárstaða og arðsemi eignasafnsins í heild sé tryggt.

3. Eignir skulu vera nægilega fjölbreyttar til þess að komast megi hjá því að treysta óþarflega mikið á tiltekna eign og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild.

■ **14. gr. Frádrættir.**

□ Áður en réttthafi veitir sameiginlegri umsýslustofnun leyfi til að hafa umsjón með réttindum sínum ber stofnuninni að veita réttthafanum upplýsingar um umsýslukostnað og annan frádrátt frá réttindatekjum og frá arði af fjárfestingu þeirra.

□ Frádráttur skal vera sanngjarn með tilliti til þjónustunnar sem sameiginleg umsýslustofnun veitir réttthöfum.

Umsýslukostnaður skal ekki fara yfir rökstuddan og skráðan kostnað sem sameiginleg umsýslustofnun stofnar til við umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda.

Þegar sameiginleg umsýslustofnun veitir félagslega, menningarlega eða menntunartengda þjónustu sem er fjármögnum með því sem dregið er frá réttindatekjum eða tekjum af fjárfestingum réttindatekna skal slík þjónusta veitt á grundvelli sanngjarnna viðmiðana.

■ **15. gr. Útborgun til réttihafa.**

Sérhver sameiginleg umsýslustofnun skal úthluta og greiða réttindagreiðslur til réttihafa reglulega, af kostgæfni og nákvæmni í samræmi við almenna stefnu um úthlutun þeirra, sbr. 1. tölul. 5. mgr. 6. gr.

Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu greiða réttindagreiðslur skv. 1. mgr. til réttihafa eins fljótt og mögulegt er, þó eigi síðar en níu mánuðum frá lokum þess fjárhagsárs þegar réttindatekjur voru innheimtar, nema hlutlægar ástæður komi í veg fyrir að sameiginleg umsýslustofnun virði þann frest.

■ **16. gr. Réttihafar sem ekki er unnt að finna.**

Þegar útborgun réttindagreiðslna er ekki möguleg innan frestsins skv. 2. mgr. 15. gr. vegna þess að ekki er vitað hverjir réttihafarnir eru eða ekki er hægt að hafa uppi á þeim skal viðkomandi fjárhæðum haldið aðgreindum í bókhaldi sameiginlegu umsýslustofnunarinnar.

Sameiginleg umsýslustofnun skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að bera kennsl á réttihafana og hafa uppi á þeim í þeim tilvikum sem skýrslur um notkun verka gerir það mögulegt. Við mat á hvað teljist nauðsynlegar ráðstafanir skal höfð hliðsjón af fjárhagslegum hagsmunum réttihafans, tilvist upplýsingaveitna sem hægt væri að nýta sem og kostnaði við mögulega leit, sbr. þó 3.–5. mgr.

Eigi síðar en þremur mánuðum eftir að frestur skv. 2. mgr. 15. gr. er liðinn skal sameiginleg umsýslustofnun gera upplýsingar um verk sem ekki er vitað hver réttihafi eða réttihafar að því er, eða hvar hann er að finna, aðgengilegar réttihöfunum sem hún er í fyrirvari fyrir og öllum sameiginlegum umsýslustofnunum sem hún hefur gert fyrirvarssamninga við.

Upplýsingar skv. 3. mgr. skulu, að því marki sem þær eru aðgengilegar fyrir sameiginlega umsýslustofnun, fela í sér titil verks eða annars efnis, nafn réttihafans, nafn viðkomandi útgefanda eða framleiðanda og aðrar viðkomandi upplýsingar sem liggja fyrir og gætu gagnast við að staðfesta deili á réttihafanum.

Ef árangur næst ekki með þeim ráðstöfunum sem greinir í 2.–4. mgr. skal sameiginleg umsýslustofnun gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum eigi síðar en einu ári eftir að þriggja mánaða tímabilinu skv. 3. mgr. lýkur.

Þegar útborgun réttindagreiðslu hefur ekki reynst möguleg þremur árum frá lokum fjárhagsársins þegar innheimta réttindatekna fór fram, og svo fremi að sameiginleg umsýslustofnun hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að staðfesta deili á og hafa uppi á réttihöfunum sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu þessar fjárhæðir teljast óráðstafanlegar.

Á aðalfundi félagsaðila sameiginlegrar umsýslustofnunar skal ákveða hvernig óráðstafanlegar fjárhæðir skuli notaðar í samræmi við 2. tölul. 5. mgr. 6. gr. Þetta ákvæði er þó með fyrirvara um rétt réttihafa til að gera kröfur í samræmi við almennar reglur um fyrmingu krafna.

IV. kafli. Umsýsla réttinda fyrir hönd annarra sameiginlegra umsýslustofnana.

■ **17. gr. Umsýsla réttinda á grundvelli fyrirvarssamninga.**

Sameiginleg umsýslustofnun skal ekki mismuna réttihöf-

um þeirra réttinda sem hún hefur umsjón með á grundvelli fyrirvarssamninga.

■ **18. gr. Réttindagreiðslur og frádrættir vegna umsýslu á grundvelli fyrirvarssamninga.**

Sameiginleg umsýslustofnun skal einungis draga umsýslukostnað frá tekjum af þeim réttindum sem hún hefur umsjón með á grundvelli fyrirvarssamnings, eða frá tekjum af fjárfestingu tekna af þeim réttindum, nema sameiginleg umsýslustofnun sem er aðili að fyrirvarssamningnum samþykki annars konar frádrátt með skýrum hætti.

Sameiginleg umsýslustofnun skal úthluta og greiða öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum þær réttindagreiðslur sem þeim ber reglulega, af kostgæfni og nákvæmni.

Sameiginleg umsýslustofnun skal annast slíka úthlutun og greiðslur til annarra sameiginlegra umsýslustofnana eins fljótt og mögulegt er, þó eigi síðar en níu mánuðum frá lokum fjárhagsársins þegar réttindatekjur voru innheimtar, nema hlutlægar ástæður komi í veg fyrir að umsýslustofnun virði þann frest.

Sameiginleg umsýslustofnun sem tekur við réttindagreiðslum frá öðrum umsýslustofnunum skal úthluta og greiða réttihöfum þær réttindagreiðslur sem þeim ber eins fljótt og mögulegt er, og eigi síðar en sex mánuðum frá móttöku þeirra, nema hlutlægar ástæður komi í veg fyrir að sameiginleg umsýslustofnun virði þann frest.

V. kafli. Gagnsæi og skýrslugjöf.

■ **19. gr. Upplýsingar sem skulu veittar réttihöfum um umsýslu réttinda þeirra.**

Sameiginleg umsýslustofnun skal að lágmarki einu sinni á ári gera a.m.k. eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar hverjum þeim réttihafa sem hún hefur úthlutað réttindatekjum til eða innt af hendi réttindagreiðslu til á tímabilinu sem upplýsingarnar varða:

1. Tengiliðaupplýsingar sem réttihafi hefur heimilað sameiginlegri umsýslustofnun að nota til þess að staðfesta deili á og hafa uppi á honum.
2. Réttindatekjur sem úthlutað er til réttihafans.
3. Fjárhæðir sem sameiginleg umsýslustofnun greiðir réttihafa fyrir hvern flokk réttinda sem hún hefur umsjón með og hverja tegund notkunar.
4. Tímabil notkunar sem fjárhæðum var úthlutað fyrir og greiddar réttihafanum, nema hlutlægar ástæður er varða skýrslugjöf notenda hindri sameiginlega umsýslustofnun í að veita þessar upplýsingar.
5. Frádráttur vegna umsýslukostnaðar.
6. Annar frádráttur.
7. Allar útistandandi réttindatekjur sem úthlutað hefur verið til réttihafa á hverjum tíma.

Þegar sameiginleg umsýslustofnun úthlutar réttindatekjum og hefur sem félagsaðila einingar sem bera ábyrgð á útborgun réttindagreiðslna til réttihafa, sbr. 24. gr., skal sameiginleg umsýslustofnun veita þessum einingum upplýsingar skv. 1. mgr. svo fremi að þær einingar hafi upplýsingarnar ekki þegar undir höndum.

Hlutadeigandi einingar skulu að lágmarki einu sinni á ári gera upplýsingarnar aðgengilegar hverjum réttihafa sem þær hafa úthlutað af réttindatekjum eða greitt réttindagreiðslur á því tímabili sem upplýsingarnar eiga við um.

■ **20. gr. Upplýsingar veittar annarri sameiginlegri umsýslustofnun um réttindaumsýslu á grundvelli fyrirvarssamninga.**

Sameiginleg umsýslustofnun skal að lágmarki einu sinni

á ári og rafrænt gera a.m.k. eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar þeim sameiginlegu umsýslustofnunum sem hún hefur umsjón með réttindum fyrir á grundvelli fyrirsvarssamnings, fyrir það tímabil sem upplýsingarnar tengjast:

1. Þær réttindatekjur sem úthlutað er, réttindagreiðslur sem greiddar eru af sameiginlegri umsýslustofnun fyrir hvern flokk réttinda sem hún hefur umsjón með og hverja tegund notkunar, fyrir réttindin sem hún hefur umsjón með á grundvelli fyrirsvarssamningsins og úthlutaðar réttindatekjur sem eru ógreiddar á hverjum tíma.

2. Frádrátt vegna umsýslukostnaðar.

3. Annan frádrátt.

4. Upplýsingar um leyfi sem eru veitt eða hafnað að því er varðar verk sem fyrirsvarssamningurinn tekur til.

5. Ályktanir samþykktar á aðalfundi félagsaðila, að því marki sem þessar ályktanir tengjast umsýslu réttindanna sem falla undir fyrirsvarssamninginn.

■ **21. gr.** *Upplýsingar veittar réttihöfum, öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum og notendum samkvæmt beiðni.*

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal, í svari við tilhlýðilega rökstuddri beiðni, gera a.m.k. eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar rafrænt og án ótilhlýðilegrar tafar hverri þeirri sameiginlegu umsýslustofnun, sem hún hefur umsjón með réttindum fyrir á grundvelli fyrirsvarssamnings, eða hverjum réttihafa eða notanda:

a. verkin sem hún er í fyrirsvari fyrir, réttindin sem hún hefur umsjón með, beint eða á grundvelli fyrirsvarssamninga, og yfirráðasvæðin sem um er að ræða eða

b. þegar, vegna umfangs starfsemi umsýslustofnunarinnar, ekki er hægt að ákvarða slík verk, tegundir verka sem hún er í fyrirsvari fyrir, réttindin sem hún hefur umsjón með og yfirráðasvæðin sem þau taka til.

■ **22. gr.** *Opinber birting upplýsinga.*

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal birta og uppfæra a.m.k. eftirfarandi upplýsingar á opinberum vef sínum:

1. Samþykktir sínar.

2. Skilmála félagsaðildar og skilmála uppsagnar heimildar til að hafa umsjón með réttindum ef þeir koma ekki fram í samþykktunum.

3. Staðlaða leyfissamninga og staðlaðar viðeigandi gjaldskrár, þ.m.t. afslætti.

4. Skrá yfir einstaklinga sem stjórna daglegri starfsemi sameiginlegu umsýslustofnunarinnar, sbr. 9. gr.

5. Almenna stefnu um réttindagreiðslur til réttihafa.

6. Almenna stefnu um umsýslukostnað.

7. Almenna stefnu um frádrætti, aðra en frádrátt vegna umsýslukostnaðar, frá tekjum af réttindum og frá tekjum af fjárfestingu réttindatekna.

8. Skrá yfir þá fyrirsvarssamninga sem hún hefur gert og heiti þeirra sameiginlegu umsýslustofnana sem þessir fyrirsvarssamningar hafa verið gerðir við.

9. Almenna stefnu um notkun óráðstafanlegra fjárhæða.

10. Meðhöndlun kvartana og málsmeðferð við lausn deilmála sem er fyrir hendi í samræmi við 34. og 35. gr.

■ **23. gr.** *Árleg gagnsæisskýrsla.*

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal, án tillits til rekstrarforms hennar að lögum, semja og birta árlega gagnsæisskýrslu, þ.m.t. sérstaka skýrslu skv. 4. mgr., fyrir hvert fjárhagsár eigi síðar en átta mánuðum eftir lok viðkomandi fjárhagsárs.

□ Gagnsæisskýrslan skal birt á opinberum vef stofnunarinnar og skal hún vera þar aðgengileg almenningsi í að lágmarki fimm ár.

□ Hin árlega gagnsæisskýrsla skal að lágmarki innihalda þær upplýsingar sem settar eru fram í viðauka með lögum þessum.

□ Gagnsæisskýrslan skal innihalda sérstaka skýrslu um notkun fjárhæða sem dregnar eru frá fyrir félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu og skal hún innihalda að a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í 3. lið viðauka með lögum þessum.

□ Reikningsskilauplýsingar sem koma fram í árlegu gagnsæisskýrslunni skulu endurskoðaðar af einum eða fleiri lög-giltum endurskoðendum í samræmi við lög um endurskoðendur.

□ Endurskoðunarskýrslan ásamt öllum athugasemdum við hana skal birt í heild í árlegu gagnsæisskýrslunni.

□ Ákvæði 1.–6. mgr. þessarar greinar skulu einnig eiga við félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana sem eru samtök réttihafa að því leyti sem þau eru ábyrg fyrir samantekt gagnsæisskýrslunnar skv. 24. gr. Gagnsæisskýrslur sem slíkir félagsaðilar taka saman skulu einnig vera aðgengilegar á opinberum vefjum þeirra, ef slíkir eru fyrir hendi, og jafnframt á opinberum vefjum sameiginlegra umsýslustofnana.

VI. kafli. Ábyrgðarskipting milli sameiginlegra umsýslustofnana og félagsaðila þeirra.

■ **24. gr.** *Ábyrgðarskipting milli sameiginlegra umsýslustofnana og félagsaðila þeirra.*

□ Sameiginlegar umsýslustofnanir sem hafa félagsaðila sem eru samtök réttihafa geta ákveðið í samþykktum sínum að úthlutun og útborgun réttindagreiðslna skv. 15.–16. gr. og 4. mgr. 18. gr. og samantekt gagnsæisskýrslu skv. 23. gr. fari fram á vegum slíkra félagsaðila, sjá einnig 6. og 7. mgr. 1. gr.

VII. kafli. Leyfisveitingar sameiginlegra umsýslustofnana á réttindum yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum.

■ **25. gr.** *Geta til að gefa út leyfi yfir landamæri.*

□ Sameiginleg umsýslustofnun sem veitir leyfi yfir landamæri vegna netnotkunar tónverka skal hafa fullnægjandi getu til að vinna rafrænt og á skilvirkan og gagnsæjan hátt gögn sem þarf fyrir umsjón slíkra leyfa, þ.m.t. í því skyni að skilgreina verkaskrána og fylgjast með notkun hennar, gefa út reikninga á notendur, innheimta tekjur af réttindum og úthluta fjárhæðum til réttihafa.

□ Til að teljast hafa fullnægjandi getu skv. 1. mgr. skal sameiginleg umsýslustofnun uppfylla a.m.k. eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa hæfni til að bera með nákvæmni kennsl á þau tónverk, að öllu leyti eða að hluta, sem sameiginleg umsýslustofnun hefur heimild til að vera í fyrirsvari fyrir.

2. Hafa hæfni til að greina nákvæmlega, að öllu leyti eða að hluta, að því er varðar hvert viðkomandi yfirráðasvæði, þau réttindi og samsvarandi réttihafa þeirra fyrir hvert tónverk eða hluteild í því, sem sameiginleg umsýslustofnun hefur heimild til að vera í fyrirsvari fyrir.

3. Nýta sér einkvæma auðkenniskóða til þess að bera kennsl á réttihafa og tónverk.

4. Nýta sér viðeigandi aðferðir til þess að greina og bæta á tímanlegan og skilvirkan hátt úr ósamræmi í gögnum í vörslu annarra sameiginlegra umsýslustofnana sem veita leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum.

■ **26. gr.** *Gagnsæi upplýsinga um verkaskrár yfir landamæri.*

□ Sameiginleg umsýslustofnun sem veitir leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum skal, ef rökstudd beiðni þar að lútandi berst, láta þjónustuveitendum á netinu, rétt höfum sem hún sér um réttindi fyrir og öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum í té uppfærðar upplýsingar, rafrænt, svo hægt sé að bera kennsl á tónverkaskrána sem hún er í fyrirsvari fyrir á netinu. Upplýsingarnar skulu taka til tónverka sem sameiginlega umsýslustofnunin er í fyrirsvari fyrir, réttinda sem hún er í fyrirsvari fyrir, að öllu leyti eða að hluta, og svæðin sem um er að ræða.

■ **27. gr.** *Áreiðanleiki upplýsinga um verkaskrár yfir landamæri.*

□ Sameiginleg umsýslustofnun sem veitir leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum skal gera rétt höfum, öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum og þjónustuveitendum á netinu kleift að fara fram á leiðréttingu á gögnum sem vísað er til í 2. mgr. 25. gr. eða upplýsingum sem veittar eru skv. 26. gr. Þegar kröfur um leiðréttingu eru nægilega vel rökstuddar skal sameiginleg umsýslustofnun tryggja að gögnin eða upplýsingarnar séu leiðréttar án ótilhlýðilegrar tafar.

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal sjá rétt höfum sem eiga tónverk í tónverkaskrá hennar sjálfar og rétt höfum sem hafa falið henni umsjón með réttindum til netnotkunar tónverka sinna, í samræmi við 32. gr., fyrir leiðum til að leggja fram upplýsingar í rafrænu formi um tónverk þeirra, réttindi þeirra til þessara verka og um yfirráðasvæðin sem rétthafarnir veita stofnuninni heimild fyrir.

□ Þegar sameiginleg umsýslustofnun veitir annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til að veita leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum skv. 30. og 31. gr. skal sameiginleg umsýslustofnun sem fær umboðið einnig beita 2. mgr. um rétthafa sem eiga tónverk í verkaskrá stofnunarinnar sem veitir umboðið, nema sameiginlegar umsýslustofnanir komist að samkomulagi um annað.

■ **28. gr.** *Nákvæm og tímanleg skýrslugjöf og reikningsgerð.*

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal hafa eftirlit með hagnýtingu leyfa til notkunar tónverka yfir landamæri sem hún hefur veitt þjónustuveitendum á netinu.

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal gera þjónustuveitendum á netinu kleift að senda rafrænar skilagreinar um raunverulega notkun netrétinda á tónverkum. Þjónustuveitendur á netinu skulu senda nákvæma skilagrein um raunverulega notkun þessara verka. Sameiginleg umsýslustofnun skal bjóða upp á a.m.k. eina aðferð til skýrslugjafar þar sem tekið er tillit til valfrjálsra staðla, eða starfsvenja innan atvinnulífsins, sem þróaðir eru á alþjóðlegum vettvangi eða á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins fyrir rafræn skil á slíkum gögnum.

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal senda þjónustuveitendum á netinu reikninga rafrænt. Sameiginleg umsýslustofnun skal bjóða upp á a.m.k. eitt snið þar sem tekið er tillit til valfrjálsra staðla, eða starfsvenja innan atvinnulífsins, sem þróaðir eru á alþjóðlegum vettvangi eða á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins fyrir rafræn skipti á slíkum gögnum. Á reikningnum skulu verk og réttindi sem leyfi er veitt fyrir tilgreind á grundvelli gagna sem talin eru upp í 2. mgr. 25. gr., og samsvarandi raunverulegri notkun, að því marki sem mögulegt er á grundvelli upplýsinga frá þjónustuveitendum á netinu og því sniði sem notað er til að veita þær upplýsing-

ar. Þjónustuveitendur á netinu geta ekki hafnað reikningum vegna sniðsins ef sameiginleg umsýslustofnun notar staðal sem er almennt notaður í atvinnulífinu.

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal reikningsfæra þjónustuveitandann á netinu nákvæmlega og án tafar eftir mótöku skilagreinar um raunverulega notkun réttinda til netnotkunar á tónverki, nema þegar það er ekki hægt af ástæðum sem rekja má til þjónustuveitandans.

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal bjóða upp á viðeigandi ráðstafanir sem gerir þjónustuveitandanum á netinu kleift að andmæla réttmæti reikningsins.

■ **29. gr.** *Nákvæm og tímanleg greiðsla til rétthafa.*

□ Sameiginleg umsýslustofnun sem sér um leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum skal greiða þær réttindagreiðslur sem rétthafar eiga að fá vegna slíkra leyfa á nákvæman hátt og án tafar eftir að tilkynnt er um raunverulega notkun á verkinu, nema þegar það er ekki mögulegt af ástæðum sem rekja má til þjónustuveitanda.

□ Með hverri greiðslu sem sameiginleg umsýslustofnun innir af hendi í samræmi við 1. mgr. skal veita rétt höfum a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:

1. Notkunartímabil og landfræðilega staðsetningu notkunar sem rétthafar eiga að fá greitt fyrir.

2. Innheimtar réttindatekjur, frádrátt og fjárhæðir sem sameiginleg umsýslustofnun úthlutar fyrir hverja netnotkun á hverju því tónverki sem rétthafar hafa heimilað umsýslustofnun, að fullu eða að hluta, að vera í fyrirsvari fyrir.

3. Rétthafagreiðslu sem innheimt er fyrir rétthafa, frádrátt frá henni og upphæð sem sameiginleg umsýslustofnun úthlutar fyrir hvern þjónustuveitanda.

□ Þegar sameiginleg umsýslustofnun veitir annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til leyfisveitinga yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum skv. 30. og 31. gr. skal sú síðarnefnda greiða þær réttindagreiðslur sem tilgreindar eru í 1. mgr. af nákvæmni og án tafar til fyrirnefndu stofnunarinnar og veita henni þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. Sameiginlega umsýslustofnunin sem veitir umboðið skal bera ábyrgð á síðari útborgun slíkra réttindagreiðslna og veita slíkar upplýsingar til rétthafa nema sameiginlegu umsýslustofnanirnar komi sér saman um annað.

■ **30. gr.** *Samningar milli sameiginlegra umsýslustofnana vegna leyfisveitinga yfir landamæri.*

□ Fyrirsvarssamningur milli sameiginlegra umsýslustofnana, þar sem ein stofnun veitir annarri umboð til leyfisveitinga yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum sem eru í tónverkaskrá þeirrar fyrirnefndu, skal ekki útiloka sambærileg umboð til annarra sameiginlegra umsýslustofnana.

□ Sameiginleg umsýslustofnun sem veitir umboð skv. 1. mgr. skal tilkynna félagsaðilum sínum um helstu skilmála fyrirsvarssamningsins.

□ Sameiginleg umsýslustofnun sem fær umboð skv. 1. mgr. skal upplýsa sameiginlegu umsýslustofnunina sem veitir slíkt umboð um helstu skilmálana um leyfisveitingu réttinda vegna netnotkunar sem umboðið tekur til.

■ **31. gr.** *Skylda til að vera í fyrirsvari fyrir aðra sameiginlega umsýslustofnun vegna leyfisveitinga yfir landamæri.*

□ Þegar sameiginleg umsýslustofnun sem veitir ekki leyfi eða býður ekki leyfisveitingu yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum í eigin verkaskrá fer fram á að

önnur sameiginleg umsýslustofnun geri samning um að vera í fyrirvari fyrir viðkomandi réttindi verður sú síðarnefnda að samþykka beiðnina ef hún veitir þegar slík leyfi eða býður slíka leyfisveitingu á tónverkum í verkaskrá einnar eða fleiri annarra sameiginlegra umsýslustofnana.

□ Sameiginleg umsýslustofnun sem beiðninni er beint til skal svara sameiginlegri umsýslustofnun, sem leggur fram beiðnina, skriflega og án ótilhlýðilegrar tafar.

□ Sameiginleg umsýslustofnun sem beiðninni er beint til skal hafa umsjón með verkaskrá þeirrar sameiginlegrar umsýslustofnunar sem leggur fram beiðnina með sömu skilyrðum og sú fyrrnefnda notar við umsýslu eigin verkaskrár.

□ Sameiginleg umsýslustofnun sem beiðninni er beint til skal hafa þá verkaskrá sameiginlegrar umsýslustofnunarinnar sem leggur fram beiðnina, sem hún er í fyrirvari fyrir, í öllum tilboðum sínum til þjónustuveitenda á netinu.

□ Umsýslukostnaður vegna þjónustu, sem sameiginleg umsýslustofnun sem beiðninni er beint til veitir stofnuninni sem leggur fram beiðnina, skal ekki vera umfram hóflegan kostnað sem sú fyrrnefnda hefur stofnað til.

□ Sameiginleg umsýslustofnun sem leggur fram beiðnina skal veita sameiginlegri umsýslustofnun sem beiðninni er beint til aðgang að upplýsingum sem tengjast eigin tónverkaskrá og sem eru nauðsynlegar til leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum. Ef upplýsingar eru ekki fullnægjandi eða veittar á formi sem gerir sameiginlegri umsýslustofnun sem beiðninni er beint til ekki kleift að uppfylla kröfur þessa kafla skal hún eiga rétt á að krefjast greiðslu hóflegs kostnaðar sem stofnað er til til að uppfylla slíkar kröfur eða útiloka þau verk sem ekki eru nægar upplýsingar um eða ekki er hægt að nota.

■ **32. gr. Aðgangur að leyfisveitingum yfir landamæri.**

□ Þegar sameiginleg umsýslustofnun veitir ekki eða býður ekki leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum, eða leyfir ekki annari sameiginlegri umsýslustofnun að vera í fyrirvari fyrir þessi réttindi í þeim tilgangi, geta réttihafar sem hafa veitt fyrstnefndu stofnuninni heimild til að vera í fyrirvari fyrir réttindi sín vegna netnotkunar á tónverkum afturkallað þá heimild fyrir öll yfirráðasvæði. Réttihafar geta þó valið að heimila sameiginlegu umsýslustofnuninni að veita slík leyfi fyrir netnotkun innan eins ríkis.

■ **33. gr. Undanþága frá réttindum til netnotkunar á tónverkum fyrir hljóðvarps- og sjónvarpsefni.**

□ Kröfur þessa kafla gilda ekki þegar sameiginlegar umsýslustofnanir veita, á grundvelli valfrjálsrar uppsöfnunar þeirra réttinda sem þarf, leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum sem útvarpsstofnun þarf til samtímis miðlunar hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis eða eftir atvikum síðari miðlunar eftir upphaflega útsendingu þess ásamt netnotkun hvers konar annars efnis, þ.m.t. sýnishorn, framleidd af eða fyrir útvarpsstofnun, sem tengist augljóslega upphaflegri útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis.

VIII. kafli. Meðferð deilumála, eftirlit og viðurlög.

■ **34. gr. Meðferð kvartana.**

□ Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu hafa tiltækt fyrir félagsaðila sína og sameiginlegar umsýslustofnanir sem þær hafa umsjón með réttindum fyrir á grundvelli fyrirvarssamnings skilvirkt og tímanlegt ferli til að bregðast við kvörtunum.

□ Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu svara kvörtunum skriflega. Ákvörðun sameiginlegrar umsýslustofnunar um frávísun kvörtunar skal rökstudd.

■ **35. gr. Úrskurðarnefnd um höfundaréttarmál.**

□ Deilum sameiginlegrar umsýslustofnunar við raunverulegan eða mögulegan þjónustuveitanda á netinu varðandi beitingu 26.–28. gr., við einn eða fleiri réttihafa varðandi beitingu 26.–32. gr. og við aðra sameiginlega umsýslustofnun varðandi beitingu 26.–31. gr. má vísa til úrskurðarnefndar um höfundaréttarmál skv. 57. gr. höfundalaga.

■ **36. gr. Eftirlit.**

□ Ráðuneyti sem fer með málefni höfundaréttar hefur eftirlit með starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana sem falla undir gildissvið laga þessara, að undanskildum málum sem falla undir valdsvið úrskurðarnefndar skv. 35. gr.

□ Óski ráðuneytið eftir upplýsingum um starfsemi þeirra skulu sameiginlegar umsýslustofnanir afhenda ráðuneytinu þær án ótilhlýðilegrar tafar.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um þá félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana sem eru eining í fyrirvari fyrir réttihafa í þeim mæli sem þeir falla undir þessi lög, sbr. 6. og 7. mgr. 1. gr.

□ Ráðuneyti sem fer með málefni höfundaréttar getur, ef um gróf eða endurtekin brot á lögum þessum er að ræða af hálfu umsýslustofnana sem viðurkennd eru á grundvelli ákvæða höfundalaga í 4. mgr. 11. gr., 5. mgr. 25. gr. b, 4. mgr. 26. gr. a, 2. mgr. 47. gr. og 3. mgr. 47. gr. b, ákveðið að fella niður slíka viðurkenningu að hluta eða öllu leyti.

■ **37. gr. Viðurlög.**

□ Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsa að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Fyrir hlutdeild í brotum skal refsa á sama hátt.

□ Eftirfarandi brot varða sektum nema þau varði þyngri brotum samkvæmt öðrum lögum:

1. Brot á 4. mgr. 4. gr. um skrár yfir félagsaðila.

2. Brot á 1.–5. mgr. 6. gr. um aðalfund félagsaðila.

3. Brot á 1., 3. og 5. mgr. 8. gr. um eftirlit.

4. Brot á 3. mgr. 9. gr. um upplýsingaskyldu aðila sem stjórná sameiginlegri umsýslustofnun.

5. Brot á 11. og 12. gr. um bókhaldslegan aðskilnað og ráðstöfun tekna af réttindum.

6. Brot á 1. mgr. 14. gr. um upplýsingar um umsýslukostnað og annan frádrátt.

7. Brot á 2. mgr. 15. gr. um tímanlega úthlutun fjárhæða til réttihafa.

8. Brot á 1. og 3.–5. mgr. 16. gr. um óráðstafanlegar fjárhæðir.

9. Brot á 1., 3. og 4. mgr. 18. gr. um frádrætti og greiðslur í fyrirvarssamningum.

10. Brot á 19.–23. gr. um upplýsingaskyldu gagnvart réttihöfum, sameiginlegum umsýslustofnunum og notendum.

11. Vanræksla á að láta í té upplýsingar skv. 2. mgr. 36. gr.

□ Nú er brot framið á vegum sameiginlegrar umsýslustofnunar, félags eða annars fyrirtækis og má þá dæma fésekt á hendur því.

□ Ákvæði 2. mgr. skulu eiga við félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana sem eru samtök í fyrirvari fyrir réttihafa að því leyti sem slík samtök falla undir ákvæði laganna, sbr. 6. og 7. mgr. 1. gr.

IX. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **38. gr. Innleiðing á tilskipun.**

□ Með lögum þessum eru innleidd ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB frá 26. febrúar 2014 um sameiginlega umsýslu höfundaréttar og skyldra réttinda og

leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

■ **39. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020.

□ Ákvæði 32. gr. öðlast gildi einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017.

□ Ákvæði 40. gr. taka ekki til réttinda sem um er samið fyrir gildistöku laga þessara.

■ **40. gr. Breyting á öðrum lögum. . . .**

Ákvæði til bráðabirgða.

□ Sameiginleg umsýslustofnun skal í síðasta lagi upplýsa réttihafa, sem fyrir gildistöku laga þessara hafa gefið stofnuninni heimild til að hafa umsjón með réttindum sínum, um réttindi sín skv. 1.–6. mgr. 3. gr. og þau skilyrði sem sett hafa verið varðandi rétt sem þeir hafa skv. 3. mgr. 3. gr. sex mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017.

Viðauki.

1. Upplýsingar sem eiga að koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu sem um getur í 23. gr.:

a. reikningsskil sem innihalda efnahagsreikning eða yfirlit yfir eignir og skuldir, rekstrarreikningur yfir fjárhagsárið og yfirlit um sjóðstreymi,

b. skýrsla um aðgerðir á fjárhagsárinu,

c. upplýsingar um synjun leyfisveitingar skv. 5. mgr. 26. gr. d höfundalaga,

d. lýsing á rekstrarformi að lögum og stjórnunarháttum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar,

e. upplýsingar um einingar sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar, að fullu eða að hluta,

f. upplýsingar um heildarfjárhæð þóknunar sem er greidd einstaklingum sem um getur í 3. mgr. 8. gr. og 9. gr. á næstliðnu ári og önnur fríðindi sem þeim eru veitt,

g. fjárhagsupplýsingarnar sem um getur í 2. lið þessa viðauka,

h. sérstök skýrsla um notkun fjárhæða sem koma til frádráttar vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu, með upplýsingum sem um getur í 3. lið þessa viðauka.

2. Fjárhagsupplýsingar sem eiga að koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu:

a. upplýsingar um tekjur af réttindum, fyrir hvern réttindaflokk sem umsjón er höfð með og hverja tegund notkunar (t.d. útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis, netnotkun, opinberan flutning), þ.m.t. upplýsingar um tekjur af fjárfestingu réttindatekna og notkun slíkra tekna (hvort þeim sé úthlutað til réttihafa eða annarra sameiginlegra umsýslustofnana eða notaðar á annan hátt),

b. upplýsingar um kostnað við umsýslu réttinda og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir réttihöfum, ásamt ítarlegri lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:

i. allur rekstrar- og fjárhagskostnaður, sundurliðaður eftir flokkum þeirra réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar um er að ræða óbeinan kostnað sem ekki er hægt að rekja til

eins eða fleiri réttindaflokka, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að skipta niður slíkum óbeinum kostnaði,

ii. rekstrar- og fjárhagskostnaður, sundurliðaður eftir flokkum réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar um er að ræða óbeinan kostnað sem ekki er hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að skipta niður slíkum óbeinum kostnaði, einungis að því er varðar réttindaumsýslu, þ.m.t. umsýslukostnaður sem dreginn er frá eða jafnaður á móti tekjum af réttindum eða tekjum af fjárfestingu á réttindatekjum í samræmi við 12. gr. og 1.–3. mgr. 14. gr.,

iii. rekstrar- og fjárhagskostnaður að því er varðar þjónustu aðra en réttindaumsýslu en að meðtalinni félagslegri, menningarlegri og menntunartengdri þjónustu,

iv. fjármagn notað til að greiða kostnað,

v. frádráttur frá tekjum af réttindum, sundurliðaður eftir flokkum réttinda sem umsjón er höfð með og eftir tegund notkunar og af hverju frádrátturinn stafar, svo sem kostnaður er varðar réttindaumsýslu eða félagslega, menningarlega eða menntunartengda þjónustu,

vi. hlutfallið sem kostnaður við réttindaumsýslu og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir réttihöfum tengist í samanburði við réttindatekjur á viðkomandi fjárhagsári, eftir flokki þeirra réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar kostnaður er óbeinn og ekki hægt að skipta honum niður á einn eða fleiri flokka réttinda, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að úthluta slíkum óbeinum kostnaði,

c. upplýsingar um réttindagreiðslur til réttihafa með ítarlegri lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:

i. heildarfjárhæðinni sem er úthlutað á réttihafa, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,

ii. heildarfjárhæðinni sem er greidd réttihöfum, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,

iii. tíðni greiðslna, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,

iv. heildarfjárhæð sem er innheimt en hefur enn ekki verið úthlutað réttihöfum, sundurliðaðri eftir flokkum réttinda sem umsýsla er höfð með og tegund notkunar, þar sem fram kemur fjárhagsárið þegar viðkomandi fjárhæðir voru innheimtar,

v. heildarfjárhæð sem úthlutað hefur verið til réttihafa en hefur ekki verið útborguð, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar, þar sem fram kemur fjárhagsárið þegar þessar fjárhæðir voru innheimtar,

vi. þegar sameiginleg umsýslustofnun hefur ekki útborgað réttindagreiðslur innan þess frests sem settur er í 2. mgr. 15. gr., ástæðum þessarar tafar,

vii. óráðstafanlegum fjárhæðum í heild, ásamt skýringu á notkun þessara fjárhæða,

d. upplýsingar um tengsl við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir með lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:

i. mótteknum fjárhæðum frá öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum og fjárhæðum sem greiddar eru til annarra sameiginlegra umsýslustofnana, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda, eftir tegund notkunar og eftir stofnunum,

ii. umsýslukostnaði og öðrum frádrætti frá réttindatekjum til annarra sameiginlegra umsýslustofnana, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda, eftir tegund notkunar og eftir stofnunum,

iii. umsýslukostnaði og öðrum frádrætti frá þeim fjárhæð-

um sem aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir greiða, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda og eftir stofnunum,

iv. fjárhæðum sem er úthlutað beint til réttahaða og koma frá öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum, sundurliðuðum eftir flokki réttinda og stofnunum.

3. Upplýsingar sem ber að gefa í sérstöku skýrslunni sem um getur í 4. mgr. 23. gr.:

a. fjárhæðirnar sem eru dregnar frá vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu á fjárhags-

árinu, sundurliðuðar eftir tegund tilgangs og, fyrir hverja tegund tilgangs, sundurliðuðar eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,

b. útskýring á notkun þessara fjárhæða, sundurliðuðum eftir tegund tilgangs, þ.m.t. kostnaður við umsýslu fjárhæða sem dregnar eru frá til að fjármagna félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu og sérstakra fjárhæða sem notaðar eru fyrir félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu.